

SÍÐUMÚLA 13,
108 REYKJAVÍK,
SÍMI 545 1200,
TELEFAX 545 1212,
ns@ns.is
PÓSTHÓLF 8160,
128 REYKJAVÍK.

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1473
komudagur 25.3.2002

Reykjavík 22. mars 2002


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mörkun stefnu um vistvænt eldsneyti á Íslandi, 343. mál.

Neytendasamtökin lýsa yfir eindregnum stuðnini við þessa þingsályktunartillögu. Ljóst er að Íslendingar hafa forsendur til að hafa forystu á þessu sviði, sé rétt á málum haldið. Í tillögunni er bent á marga áhugaverða kosti sem okkur ber að skoða frekar og sem myndi jafnframt gera okkur betur kleift að standa til langframa varðandi skuldbindingar okkar við losun gróðurhúsalofttegunda.

Neytendasamtökin vilja þó gera athugasemd við skipan nefndarinnar eins og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Þar sem hér er um mjög brýnt neytendamál að ræða er eðlilegt að samtök neytenda, Neytendasamtökin, eigi þar einnig fulltrúa.

Beðist er velvirðingar á að hve dregist hefur að senda þessa umsögn, en þess er vænst að hún fái nauðsynlega skoðun.

Virðingarfyllst,
f.h. Neytendasamtakanna


Johannes Gunnarsson, formaður